

Nd.

41. Frumvarp
til laga um Þjóðmenjasafn Íslands.
Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Safn það, er til þessa hefir verið kallað Forngripasafn Íslands, og þau söfn önnur, er við það hafa bæzt og bætast kunna, skal framvegis nefnast einu nafni Þjóðmenjasafn Íslands.

2. gr.

Fornmenjavörður skal vera forstöðumaður Þjóðmenjasafnsins (sbr. lög um verndan fornmenja frá 16. nóv. 1907, 24. gr.). Skal hann sjá um sýningar safnsins á ákveðnum tímum, kaup á gripum og munum handa því, svo og um varðveizlu og viðgerð gripanna. Fyrir þann starfa skal hann hafa 1000 kr. í árslaun.

3. gr.

Til aðstoðar forstöðumanni skipar stjórnarráðið einn aðstoðarmann og svo marga varðmenn sem þörf krefur. Aðstoðarmaður skal hafa 800 kr. í árslaun.

4. gr.

Gripi þjóðmenjasafnsins má ekki ljá neinum manni burt af safninu nema með sérstöku leyfi stjórnarráðsins, og því síður má farga þeim á nokkurn hátt. En heimilt er þeim, sem vilja, að gera myndir af gripunum, mæla þá og nota á sjálfum geymslustaðnum undir umsjón forstöðumanns, sem gætir þess, að gripirnir skemmist ekki við það. Að öðru leyti skipar stjórnarráðið fyrir um afnot safnsins með sérstakri reglugjörð.